

VIDAUKI

Örverufræðilegar viðmiðanir í fiskmjöli.

Sýni af fiskmjöli, sem tekin eru í geymslu eða við útskipun skulu uppfylla eftirfarandi viðmiðanir:

Salmonella: Ekki finnanleg í 25 g, $n = 5$, $c = 0$

Iðragerlar: $n = 5$, $c = 2$, $m = 10$, $M = 3 \times 10^2$ í 1 g,

þar sem breytur n , m , M og c eru skilgreindar á eftirfarandi hátt:

n = Fjöldi eininga í sýni.

m = Allar niðurstöður undir þessum mörkum eru álitnar fullnægjandi.

M = Allar niðurstöður yfir þessum mörkum eru álitnar ófullnægjandi.

c = Leyfilegur fjöldi sýna þar sem gerlafjöldi er á milli m og M .

18. júní 1996

Nr. 343

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Páls Jónssonar.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Páls Jónssonar. Hann er stofnaður í mars 1995 til minningar um Pál Jónsson bókavörð (f. 20. júní 1909 – d. 27. maí 1985). Heimili sjóðsins og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins kr. 453.000 er úr dánarbúi Páls Jónssonar. Höfðustól sjóðsins má ekki skerða. Við hann skal leggja verðbætur allar. Hið sama gildir um annað fé sem sjóðnum kann að áskotnast. Hvorki má lána fé úr sjóðnum né veðsetja hann. Vöxtum skal varið til að gera viðurkenningargripi.

3. gr.

Markmið sjóðsins er að veita þeim viðurkenningu sem í máli og/eða myndum hafa stuðlað að aukinni þekkingu manna á landi og þjóð. Viðurkenningin er tvíþætt:

a) Gripur sem geymdur er á skrifstofu Ferðafélags Íslands. Á hann skal festa málmplötu með áletruðu nafni þess er viðurkenningu hlýtur hverju sinni.

b) Gripur er vinnst til eignar.

4. gr.

Viðurkenningin skal veitt einu sinni á ári, að öllu jöfnu, en heimilt er að víkja frá þeirri reglu og fella ár úr ef rök mæla með því. Stjórn sjóðsins skal tilnefna þann sem hún metur hæfan og tilkynna það á aðalfundi Ferðafélagsins.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skipa þrjú menn og einn til vara og eru þeir skipaðir til eins árs í senn. Þeir skulu tilnefndir af stjórn Ferðafélags Íslands á fyrsta fundi eftir aðalfund. Stjórn sjóðsins skiptir með sér verkum. Hún skal varðveita eignir sjóðsins og ávaxta þær á þann hátt sem

telja megi öruggan og arðvænlegan hverju sinni í samráði við framkvæmdastjóra Ferðafélags Íslands.

Endurskoðendur Ferðafélags Íslands annast árlega endurskoðun reikninga sjóðsins.

6. gr.

Breytingar á skipulagsskrá þessari má því aðeins gera að þær hljóti samþykki allra stjórnarmanna sjóðsins og meirihluta stjórnar Ferðafélags Íslands.

7. gr.

Verði sjóðurinn lagður niður skal fé hans og aðrar eignir renna óskiptar til bókastofu Páls Jónssonar í Safnahúsi Borgarfjarðar, Borgarnesi.

8. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 18. júní 1996.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Fanney Óskarsdóttir.

Nr. 344

12. júní 1996

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Skólasjóð Fjölbrautaskóla Suðurnesja.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Skólasjóður Fjölbrautaskóla Suðurnesja.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er gjafafé og skólagjöld að upphæð kr. 500.000 og skal það haldast óskert. Fjármuni sjóðsins skal ávaxta á sem hagkvæmastan og tryggilegastan hátt.

3. gr.

Tekjur sjóðsins eru hluti skólagjalda samkvæmt ákvörðun skólanefndar, sbr. 8. gr. laga um framhaldsskóla nr. 57, 1988 með síðari breytingum og 15. gr. reglugerðar um framhaldsskóla nr. 105, 1990, auk gjafa til skólans.

4. gr.

Markmið sjóðsins er að stuðla að umbótum í skólastarfi, styðja félagsstarf nemenda og starfsmanna eða stuðla að öðru því sem stjórn sjóðsins telur skólanum til hagsbóta. Vöxtum og öðrum tekjum sbr. 3. gr. skal varið í þessu skyni.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skipa: Skólameistari, formaður og varaformaður skólanefndar.